

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Óveruleg breyting deiliskipulags við Deildartungu II.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 12. mars 2015 óverulega breytingu deiliskipulags við Deildartungu II.

Breytingin tekur eingöngu til byggingarreits B, en byggingarreitir stækka úr 1.280 m² í 2.060 m² og byggingarmagn eykst úr 500 m² í 780 m², þar af 200 m² baðsvæði austan við þjónustubyggingu með hitapottum. Þjónustubygging og búningasklefar verða allt að 500 m².

Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag við Húsafell 2, landnúmer 178425.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 12. febrúar 2015 nýtt deiliskipulag við Húsafell 2.

Deiliskipulagið tekur til sýningarskála, menningarhúss og þjónustuhúss sem meðal annars geta hýst steinhörpur og önnur verk listamannsins á Húsafelli. Einnig er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja upp legsteinasafn fyrir Húsafells legsteina frá 19. öld. Þjónustuhúsið getur auk þess hýst aðra menningartengda starfsemi á Húsafelli.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð, sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag við Heimátún á Húsafelli.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 21. apríl 2015 nýtt deiliskipulag fyrir Heimátún á Húsafelli.

Deiliskipulagið felur í sér afmörkun 3,39 ha lóðar og afmörkun byggingarreita fyrir tvö einnar hæðar íbúðarhús.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð, sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag við Runkás á Mýrum.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 21. apríl 2015 nýtt deiliskipulag fyrir Runkás á Mýrum.

Deiliskipulagið felur meðal annars í sér breytta landnotkun og eru helstu breytingar þær að búnar verða til 6 lóðir þar af tvær með byggingarreiði fyrir frístundahús.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð, sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar, 9. júní 2015,

Lulu Munk Andersen, skipulags- og byggingarfulltrúi.